

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar rektors Háskóla Íslands við
undirritun samnings um nýtt rannsóknasetur um
sveitastjórnarmál
Hótel Örk, Hveragerði
18. okt. 2018**

Samgöngu- og sveitastjórnarráðherra, góðir gestir.

Það er ánægjulegt að vera hér með ykkur á þingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Rannsóknasetrið sem verður stofnað í framhaldi þessarar undirritunar verður rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun og tilgangur þess er að auka hagnýta og fræðilega þekkingu á sveitstjórnarmálum og samspili sveitarstjórnarmála og byggðapróunar. Setrið mun starfa sem sjálfstæð eining innan Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

Rannsóknasetrið mun vinna rannsóknir á sviði sveitarstjórnarmála sem styðja við opinbera stefnumótun og ákvörðunartöku í málefnum sveitarstjórnarstigsins og tengdum sviðum eins og byggða-, samgöngu- og samskiptamál.

Setrið mun vinna með Stjórn málafræðideild við að koma á nýrri námslínu um sveitarstjórnarmál í námi í opinberri stjórnsýslu, sem og standa

fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir sveitarstjórnarfólk og starfsfólk í stjórnsýslu sveitarfélaga og tengdum ráðuneytum, stofnunum og samtökum.

Setrið mun einnig vera fræðslusetur og upplýsingaveita um sveitarstjórnarmál og byggðamál þar sem sveitarfélög og stofnanir tengdar sveitarstjórnarstiginu geta leitað til um ráðgjöf og látið vinna fyrir sig þjónustuverkefni.

Við þetta tilefni langar mig að nefna að Í samstarfi Samstaka sunnlenskra sveitarfélaga og Háskóla Íslands vann Félagsvísindastofnun HÍ greiningu á áhuga og þörf fyrir fjarnámi á háskólastigi á Suðurlandi.

Í framhaldi greiningarinnar var sett á fót m.a. tilraunaverkefni um hagnýtt nám í leikskólafræðum í fjarnámi í samvinnu Háskólafélag Suðurlands og Samband sunnlenskra sveitarfélaga.

Viðhorfskönnun á meðal leiðbeinenda á leikskólum á Suðurland leiddi í ljós að þörfin er mikil og því var gott að geta brugðist hratt við með nýju námi. Vonir standa til að þetta samstarf geti orðið fyrirmynd að öðrum verkefnum í öðrum landshlutum.

Það er mikilvægt að minna á að Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á starfsemi skólans um land allt.

Í því sambandi má meðal annars nefna Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands sem samanstendur af níu rannsóknasetrum á tíu starfsstöðvum um landið.

Starfsemi rannsóknasetranna hefur eflst mjög á undanförunum árum. Nú síðast hafa verið sett á fót Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi og þar á undan Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa. Rannsóknaviðfangsefni rannsóknasetranna eru afar fjölbreytt en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, hreindýr, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði.

Vettvangur nýs Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál við Háskóla Íslands verður á Laugarvatni þar sem háskólinn býr yfir afar góðri aðstöðu fyrir starfsemi sveitarstjórnarsetursins.

Á Suðurlandi eru fyrir tvö önnur rannsóknasetur háskólans. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi er staðsett einnig á Laugarvatni en rannsóknir þess snúa helst að landnýtingarmálum á breiðum grunni og eru þar fuglarannsóknir í öndvegi. Þá er einnig fyrir á Suðurlandi Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði, í Árborg, sem er afar öflug rannsóknæining háskólans sem sér langa sögu með starfsemi sína hér á Suðurlandi.

Það er mikið ánægju efni að nýtt Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál við Háskóla Íslands taki til starfa um næstu áramót á Laugarvatni. Skólinn leggur mikla áherslu á virka þátttöku hans í samfélagi og atvinnulífi og að hann sé m.a. vettvangur nýrra hugmynda og lifandi samstarfs rannsakenda, nemenda, atvinnulífs, stofnana og þjóðlífs. Rannsóknasetur um sveitastjórnarmál við Háskóla Íslands er gott dæmi um slíkt samstarf og ég vil þakka samgöngu- og

sveitarstjórnarráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögunum í landinu fyrir það traust sem Háskóla Íslands er sýnt með samstarfinu. Setrið mun án efa stórefla rannsóknir á sviði sveitarstjórnarmála samhliða því að efla fræðslu og þjónustu við sveitarstjórnarstigið.